

**UNGMENNASAMBAND DALAMANNA OG  
NORÐUR BREIÐFIRÐINGA**



Ársskýrsla 2025

## Ávarp formanns

### 105. sambandsþing UDN – það er eitthvað!

Tíðin er önnur er óhætt að segja, með sínum kostum og göllum.

Það er góð tilfinning að sjá aðildarfélög UDN vaxa og dafna í starfi, enn betra að sjá iðkendur á öllum aldri eflast með auknu og kröftugu íþróttalífi. Börn, ungmenni og fullorðnir fá tækifæri til að eflast, styrkjast og njóta íþróttanna. Njóta hreyfingar og samveru með jafningjum, tilheyra. Þetta er lífið!

Á sama tíma og verið er að njóta eru áskoranir á okkar sambandssvæði; fámenni, fjarlægðir, fjármagn, fæst þjálfari?, foreldraskutl.

Áskoranir þessar eru raunverulegar og að takast á við áskoranir er tækifæri til vaxtar. Við skulum ekki missa sjónar á því þó stundum verði blint. Mikilvægt er að við tökumst á við áskoranir sem samfélag, því saman getum við meira.

Í báðum þéttbýliskjörnum á sambandssvæði UDN er nú íþróttahús. Forréttindi segja einhverjir, aðrir segja mannréttindi. Hvað sem því líður gefur slík aðstaða fyrirheit um að íþróttastarf muni eflast og dafna. Mikilvægt er að náist að keyra íþróttastarf í framhaldi af skóladeginum þar sem margir iðkendur á grunnskólaaldri búa í dreifbýlinu. Með slíkri samfellu minnkar álag á iðkendur og forráðamenn sem sinna akstri.

Takk foreldrar, takk stjórnarfolk, takk sjálfboðaliðar fyrir ykkar óeigingjörnu og ósýnilegu vinnu sem er svo mikilvæg svo hjólin snúist. Takk þjálfarar fyrir skipulag og hvatningu til iðkenda. Síðast en ekki síst, takk iðkendur. Takk fyrir að mæta, taka þátt og njóta.

Jóhanna Sigrún

Formaður UDN





## Efnisyfirlit

Aðildarfélög og stjórnir félaga árið 2025 .....	4
Stjórn Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga starfsárið 2025-2026 .....	5
Þingfulltrúar á sambandsþingi 2. apríl 2025 .....	6
Starfsemi UDN .....	7
104. þing Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga. ....	7
Stjórnarfundir .....	10
Vorfundur UMFÍ .....	10
Íþróttaping ÍSÍ .....	11
Be active - Íþróttavika Evrópu .....	11
Sambandsþing UMFÍ .....	12
Formannafundur ÍSÍ .....	13
Unglingalandsmót UMFÍ .....	14
Vesturlandssamstarf/svæðisskrifstofa .....	14
Dagur sjálfboðaliðans .....	15
UDN Fyrirmyndarhérað ÍSÍ .....	15
Styrkir .....	16
Reglugerð um skiptingu lottótekna UDN .....	17
Viðurkenningar .....	18
Íþróttamanneskja UDN 1982-2024 .....	19
Ársreikningur 2025 .....	20
Myndir úr starfi aðildarfélaganna 2025 .....	24



## Aðildarfélög og stjórnir félaga



### Glímufélag Dalamanna

Formaður: Jóhann Eysteinn Pálmason  
Ritari: Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir  
gjaldkeri: Svana Hrönn Jóhannsdóttir

facebook: Glímufélag Dalamanna



### Hestamannafélagið Glaður

Formaður: Heiðrún Sandra Grettisdóttir  
Varaformaður: Svanhvít Gísladóttir  
Ritari: Sjöfn Sæmundsdóttir  
Gjaldkeri: Þórður Ingólfsson  
Meðstjómandi: Einar Hólm Friðjónsson  
Meðstjórnandi: Skjöldur Orri Skjaldarson

heimasiða: gladur.is

facebook: Hestamannafélagið Glaður



### Íþróttafélagið Undri

Formaður: Guðrún B. Blöndal  
Ritari: Svanhvít Lilja Viðarsdóttir  
Gjaldkeri: Berghildur Pálmadóttir

facebook: Íþróttafélagið Undri



### Ungmennafélagið Afturelding

Formaður: Styrmir Sæmundsson  
Ritari: Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir  
Gjaldkeri: Katla Tryggvadóttir



### Ungmennafélagið Ólafur Pá

Formaður: Jón Egill Jónsson  
Ritari: Bergþóra Hólm Jóhannsdóttir  
Gjaldkeri: Ingibjörg Jóhannsdóttir

### Ungmennafélagið Æskan

Formaður: Sigríður Fjóra Mikaeladóttir  
Ritari: Sindri Geir Sigurðarson  
Gjaldkeri: Ingvar Kristján Bæringsson



## Stjórn Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga starfsárið 2025-2026

Formaður	Jóhanna Sigrún Árnadóttir
Varaformaður	Guðrún Blöndal
Gjaldkeri	Sindri Geir Sigurðarson
Ritari	Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir
Meðstjórnandi	Sunneva Hlín Skúladóttir
Varamaður	Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir
Varamaður	Skjöldur Orri Skjaldarson



## Þingfulltrúar á sambandsþingi 2. apríl 2025

### Fjöldi félagsmanna 16 ára og eldri

Aðildarfélag	skv. félagatali um áramót	Þingfulltrúar
Umf. Afturelding	53	3
Umf. Ólafur Pá	119	6
Umf. Dögun	57	3
Umf. Æskan	160	8
Íþróttafélagið Undri	36	2
Glímufélag Dalamanna	32	2
Hestamannafélagið Glaður	123	7

### 8. grein

Á sambandsþingi eiga sæti fulltrúar frá félögum þeim sem í sambandinu eru á hverjum tíma. Hvert félag má senda einn fulltrúa fyrir hverja byrjaða tvo tugi 16 ára og eldri. Miðast það við félagatölu sem gefin er upp á skýrslum um hver áramót.

## Starfsemi UDN

Starfsemi Héraðssambanda hefur breyst talsvert undanfarin ár og snýr mest að umsýsluþáttum ef svo má segja. Samkvæmt 6. Kafla, 46.2 grein íþróttalaga ÍSÍ segir eftirfarandi um hlutverk héraðssambanda/íþróttabandalaga.

- a) Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð, er stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
- b) Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar- og bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- c) Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt í því skyni.
- d) Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
- e) Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
- f) Að staðfesta lög/lagabreytingar aðildarfélaga og halda utan um staðfest lög félaga og skila yfirliti til ÍSÍ yfir lög aðildarfélaga í lok hvers árs.
- g) Að tilkynna ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda.
- h) Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Í því skyni skal héraðssamband/íþróttabandalag hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjöllum aðildarfélaga/sérráða sinna og ef ástæða þykir til getur stjórn viðkomandi héraðssambands/íþróttabandalags tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir félagið og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðildarfélags/sérráðs. Aðildarfélag/sérráð getur krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda.
- i) Að tryggja góða stjórnarhætti innan héraðssambandsins/íþróttabandalagsins.

**Farið er yfir það helsta í störfum í UDN ársins 2024 hér að neðan.**

### 104. þing Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga.

104. sambandsþing UDN var haldið í Dalabúð 2. apríl 2025 í boði Glímufélags Dalamanna.

Fulltrúar aðildarfélaganna mættu og farið var yfir mál þingsins. Dagskrá þingsins var í

hefðbundnu aðalfundaformi. Tillaga um Guðmundu Ólafsdóttur sem þingforseta var samþykkt sem og tillaga um að Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir og Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir yrðu þingritarar.



## Gestir

Góðir gestir sóttu þingið og ávörpuðu fulltrúa.

**Svæðisfulltrúar UMFÍ og ÍSÍ, Heiðar Mar og Álfheiður**, fóru yfir þeirra starf ásamt því að segja frá helstu verkefnum sem þau eru að vinna að. Þau hvöttu félögin að leita til þeirra með sínar verkefni og vangaveltur tengdar þeim.

**Lýðheilsufulltrúi Dalabyggðar, Guðrún Erna**, kynnti sig. Hvatti til samvinnu og samstarfs sem væri mikilvægt í samfélagi sem vill vera heilsueflandi. Í Dalabyggð væru tækifæri til uppbyggingar í tómstundum og íþróttum.



**Garðar Svansson fulltrúi ÍSÍ** flutti kveðjur að sunnan og hvatti aðildarfélögin til að nýta starfsfólk svæðisskrifstofu Vesturlands. Garðar kom einnig færandi hendi, þar sem UDN hlaut viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Stjórnarfolk tók við viðurkenningunni og sat fyrir á myndum 😊

**Gunnar Þór Gestsson fulltrúi UMFÍ** bar einnig góðar kveðjur. Ræddi helstu verkefni UMFÍ og lýsti ánægju með UDN sem fyrirmyndarhérað. Sagði þá vegferð skila sér.

Gunnar veitti tvö starfsmerki UMFÍ. Þorgrímur Einar Guðbjartsson og Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir hlutu þau og þakkaði Gunnar fyrir þeirra mikilvægu störf í þágu barna og ungmennastarfs gegnum árin.



## Skýrsla stjórnar, ársreikningar og tillögur

Á þinginu var farið yfir ársreikning, skýrslu stjórnar og tillögur. Umræður voru góðar og þingstörf gengu vel undir styrki stjórn Guðmundu fundarstjóra. Fyrir þinginu lá talsvert af tillögum. UDN var búið að vera að vinna í að verða fyrirmyndarhérað ÍSÍ og voru því stefnur og áætlanir því tengdar voru nokkuð fyrirferðarmiklar. Eins voru tillögur um reglugerð um lottóúthlutun og lagabreytingar ásamt hinum hefðbundnu og mikilvægu hvatningar- og þakartillögum og fjárhagsáætlun. Ungmennafélagið Dögun óskaði eftir úrsögn úr sambandinu og flutti formaður Dögunar, Hrefna S. Ingibergsdóttir, greinargerð þess efnis. Tillögur voru allar samþykktar en nokkrar með örlitlum orðalagsbreytingum.

## Stjórn UDN

Kjósa átti formann, Jóhanna Sigrún gaf kost á sér áfram. Kjósa skyldi um tvo meðlimi í stjórn UDN. Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir gaf kost á sér áfram og tillaga var um Sunnevu Hlín Skúladóttur. Varamenn í stjórn Skjöldur Orri Skjaldarson gaf kost á sér áfram og tillaga um Kolfinnu Ýr Ingólfssdóttur. Voru þessar tillögur samþykktar með lófaklappi.

Stjórn skipti svo með sér verkum á fyrsta fundi eftir þing samkvæmt 9. grein laga UDN.

## Viðurkenningar

### Íþróttamanneskja UDN

Guðbjört Lóa fer yfir tilnefningarnar en þrjár einstaklingar voru tilnefndir. Glímufólkið Benóní Meldal og Jóhanna Vigdís Pálmadóttir ásamt langvegahlauparanum Guðmundi Kára Þorgrímssyni. Kosning var mjög jöfn líkt og árið áður og en hlaut Jóhanna Vigdís flest atkvæði og þar með viðurkenninguna Íþróttamanneskja UDN 2024.

Jóhanna Vigdís var ekki viðstödd þingið en var afhent viðurkenningin á Jörfagleði síðar í apríl.



### Hvatningarverðlaun UDN

Jóhanna Sigrún veitti þremur einstaklingum Hvatningarverðlaun UDN og las ástæðu tilnefningar.

Kristján Ingi Arnarsson fyrir atorkumikið starf í þágu Björgunarsveitarinnar Óskar gegnum árin. Hann hefur lagt mikinn metnað í starf unglingsveitar Björgunarsveitarinnar og gert vel.

Pálína Kristín Jóhannsdóttir fyrir kraftmikið og mikilvægt starf tengt lýðheilsu íbúa Dalabyggðar. Hefur haldið úti námskeiðum í ræktinni fyrir fullorðna og eldri borgara sem eru afar vinsæl.

Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir fyrir óeigingjarna og mikla vinnu í íþróttastarfi ýmis konar í Dalabyggð, stjórnarsetu, þjálfun og lýðheilsutengd verkefni.

## Drifskafið

Guðbjört Lóa veitir þremur ungmennum Drifskafið og les ástæðu tilnefningar. Öll þrjú eiga sameiginlegt að vera kraftmikil, jákvæð og fyrirmyndir annarra í sinni íþrótt.



Ásborg Styrmsdóttir Umf Aftureldingu og Hestamannafélaginu Glað

Benóní Meldal Kristjánsson Glímufélagi Dalamanna

Pórarinn Páll Pórarinsson Glímufélagi Dalamanna

## Stjórnarfundir

Árið 2025 voru 11 formlegir stjórnarfundir haldnir. Átta staðfundir og þrjár fjarfundir (TEAMS). Óformlegt spjall, rafrænt, var talsvert nýtt milli funda varðandi þau verkefni sem í gangi voru. Formannafundir voru tveir, í júní og í nóvember. Formannafundir innihéldu góða umræðu og samveru. Á júnífundinum heimsótti Viðar Sigurjónsson frá ÍSÍ okkur og flutti erindi um Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og hvatti félögin til að vinna að þeirri viðurkenningu. Á nóvemberfundinum voru með okkur svæðisfulltrúar UMFÍ og ÍSÍ á Vesturlandi þær Gunnhildur og Álfheiður. Fóru þær yfir hin ýmsu verkefni sem unnið er að hjá svæðisfulltrúum ásamt því að fá enn frekari innsýn í starf aðildarfélaganna UDN.

## Vorfundur UMFÍ

Vorfundur UMFÍ var haldinn 9. – 10. maí á Reykjum í Hrótafirði. Fundurinn er óformlegur og þar koma saman forsvarsmenn sambandsaðila, stjórn og starfsfólk UMFÍ. Auður Inga framkvæmdastjóri UMFÍ fór yfir starfsemi og verkefni og hvatti til skráningar á Almannaheillaskrá Skattsins.

UDN átti því miður ekki fulltrúa á fundinum þar sem sauðburður átti hug og hjörtu þeirra sem leitað var til að fara á fundinn.

Á fundinum voru fjölda erinda og má sjá á eftirfarandi tengli frétt frá fundinum.

[Gleði á gagnlegum vorfundi UMFÍ - Ungmennafélag Íslands](#)

## Íþróttaping ÍSÍ

77. Íþróttaping ÍSÍ var haldið á Berjaya Reykjavík Natura hótél 16. – 17. maí 2025.

Fulltrúi UDN var Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir

Lárus Blöndal forseti ÍSÍ setti þingið og fór vel yfir sviðið á sínu síðasta íþróttapingi sem forseti ÍSÍ. Forseti Íslands, frú Halla Tómasdóttir, ávarpaði þingið og fór meðal annars yfir mikilvægi íþróttar fyrir andlega og líkamlega heilsu. Þá fór hún yfir mikilvægi íþróttar í forvarnarstarfi og lýðheilsu. „Virði íþróttar nær langt umfram sigra. Íþróttir mennta fólk, aga það, búa til félagsleg tengsl, stuðla að góðri heilsu og endatakmarkið hlýtur því að vera gleði og hamingja.“

Aðrir gestir fluttu ávarp; Guðmundur Ingi Kristinsson mennta- og barnamálaráðherra og Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ.

Við tóku hin hefðbundnu störf þingsins samkvæmt dagskrá. Margar tillögur lágu fyrir þinginu og m.a. lagabreytingar. Samþykktir má sjá á eftirfarandi tengli [Íþróttar- og Ólympíusamband Íslands](#)

Mikil endurnýjun var í framkvæmdastjórn ÍSÍ þar sem sjö nýjir fulltrúar voru kosnir þar inn og kosinn var nýr forseti ÍSÍ, Willum Þór Þórsson í stað Lárusar Blöndal.

Nokkuð var um að skotið væri á að ÍSÍ ferðaðist lítið út fyrir borgarmörkin á landsbyggðina. Nýr forseti Willum Þór lofaði bót á þessu 😊.

## Be active - Íþróttavika Evrópu

23. – 30. september ár hvert er Íþróttavika Evrópu. Í stuttu máli er markmiðið með Íþróttaviku Evrópu að kynna íþróttir og almenna hreyfingu um alla Evrópu og sporna við auknu hreyfingarleysi meðal almennings. Slagorð vikunnar er "BeActive" eða „Vertu virkur“ og með því er verið að hvetja alla Evrópubúa til að hreyfa sig án tillits til aldurs, bakgrunns eða líkamlegs forms. Þessi vika á að stuðla að því að einstaklingar, stjórnvöld, íþróttahreyfingin, almenningur og fleiri standi saman í því að auka þátttöku almennings í íþróttum og hreyfingu.



UDN tók þátt í Íþróttaviku Evrópu líkt og árin á undan og nú í samstarfi við sveitarfélögin Dalabyggð og Reykhólahrepp. Ákveðið var að dreifa viðburðum á þrjár vikur í von

um betri þátttöku á sambandssvæðinu. Mæltist þetta vel fyrir og að öllum líkindum verður þessu haldið áfram svona. Viðburðir voru nokkir og fjölbreyttir. Viðburðir sem voru m.a. í boði; bandvefslosun, boccia, sjósund, frisbígolf, bogfimikynning/mót, „leikum saman“ leikir fyrir alla. Fyrirlestrar voru um næringu, annars vegar eldri borgara og Elísa Viðarsdóttir hitti unglíngana okkar og var m.a. með næringarfræðslu. Aðsókn á viðburðina misjöfn eftir viðburðum en þeir sem mættu voru að njóta.

UDN þakkar félögum á sambandssvæðinu sem komu að viðburðum sem og þeim sem komu að til að vera með kynningu eða námskeið. Við höldum ótrauð áfram að vera með í þessu verkefni.

## Sambandsþing UMFÍ

54. sambandsþing UMFÍ fór fram 10. – 11. Október 2025 í Stykkishólmi. Sambandsþingið er æðasta vald í málefnum UMFÍ hverju sinni. Aldrei hefur þingið verið jafn vel sótt og þar mættu fulltrúar ÍBV í fyrsta sinn.

Fulltrúar UDN voru Jóhanna Sigrún Árnadóttir, Guðrún B Blöndal og Berghildur Pálmadóttir.



Hvatningarverðlaun UMFÍ voru veitt og þau hlutu; Ungmennafélagið Vísir í Suðursveit, Ungmennafélag Reykdæla, Íþróttafélagið Undri í Dalabyggð og heilbrigðisteymi Skautafélags Akureyrar. Verðskuldaðar viðurkenningar og UDN stolt af sínu félagi, Íþróttafélaginu Undra.

Á laugardegi var sjálft þingið með hefðbundinni dagskrá og gengu störf þingsins nokkuð greitt og vel en talsverð umræða var þó í nefndarstörfum eins og gerist og gengur þegar margir koma saman og deila ekki nákvæmlega sömu skoðun.

Talsverð endurnýjun varð á stjórn UMFÍ og formaður UMFÍ, Jóhann Steinar, hlaut áframhaldandi kosningu.

Á þessu þingi gerðist hið söguega að öll íþróttahéruð eru nú í UMFÍ „UMFÍ er búið að ná því að vera þessi landssamtök sem það stendur fyrir. Allt landið undir og þar með víðfeðmara og meiri kraftur“ sagði Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, í tilefni af þessum áfanga.



Málefni á við veðmál í íþróttum, svæðisskrifstofur, getraunir og lagabreytingar voru meðal málefna á þinginu. Lottó og ný úthlutun var eitt helsta umræðuefni þingsins þar sem nokkur héruð hafa orðið fyrir skerðingu yfir 50%. Lögð var fram tillaga á þinginu um endurskoðun á úthlutunarreglum og að komið yrði til móts við þessi héruð. UDN með í þessari sameiginlegu tillögu sjö íþróttahérðaða. Skerðing UDN í lottótekjum er um 75%. Niðurstaða náðist í málinu og til varð aðgerðin BJÖRGUNARPAKKINN.

Samþykkt var á Sambandsþingi UMFÍ í október 2025 að greiða tilteknum íþróttahéruðum samtals 60 milljónir króna næstu tvö árin. Þetta er tímabundin fjárhagsaðstoð sem veitt er annars vegar úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ og hins vegar með því að ganga á eigið fé UMFÍ. Aðgerðin var talin nauðsynleg til að dempa höggið sem sumir sambandsaðilar urðu fyrir vegna breytinga á útgreiðslu lottófjár sem samþykktar voru á sínum tíma.

Þinggerðina má finna á eftirfarandi tengli [þinggerð-2025\\_sambandsþing.pdf](#)

## Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ fór fram föstudaginn, 21. nóvember, í golfskála Golfklúbbsins Leynis Á Akranesi. Formannafundur er upplýsingafundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ og formanna og framkvæmdastjóra sérsambanda, héraðssambanda og íþróttabandalaga. Fundurinn var vel sóttur og áður en fundur hófst gafst fundarmönnum kostur á að skoða ný og glæsilega íþróttamannvirki á Jaðarsbökkum. Glæsilegt mannvirki á Skaganum, til hamingu Skagamenn.

Fulltrúar UDN voru Jóhanna Sigrún Árnadóttir og Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir.

Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ, setti fundinn og flutti ávarp. Fundarstjóri var Ragnheiður Ríkharðsdóttir úr framkvæmdastjórn ÍSÍ og stýrði fundi af festu. Fylgt var dagskrá og fór starfsfólk ÍSÍ yfir málin s.s. skýrлу stjórnar, fjármál og verkefnavinnu ýmis konar.

Fundargestir tóku þátt í stefnumótunarvinnu, undir stjórn Ingibjargar Aspar Stefánsdóttur frá ráðgjafafyrirtækinu Expectus. Vel var unnið og margt áhugavert og gagnlegt kom út úr vinnunni sem nýtast skyldi inn í stefnumótunarvinnuna sem framundan er fyrir íþróttahreyfinguna í heild

sinni. Sú vinna verður umfangsmikil og mun fara fram á næstu tveimur árum með aðkomu bæði ÍSÍ og UMFÍ, sambandsaðilum þeirra og grasrótinni.

## Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum um Verslunarmannahelgina 2025. Mótshaldarar ásamt UMFÍ voru UÍA og Múlaping. Tæplega 1.100 þátttakendur á aldrinum 11 – 18 ára voru skráðir á mótið. Boðið var upp á 21 íþróttagrein og fjölda opinna viðburða fyrir þátttakendur og mótsgesti.



UDN átti sex þátttakendur á ULM að þessu sinni. Fámennt en góðmennt og tjaldbúðir okkar í smærri kantinum að þessu sinni. Veðrið lék við Unglingalandsmótsgesti alla dagana og er það dýrmætt á mótum sem þessum. Okkar fólk tók þátt í alls konar greinum s.s. grasblaki, knattspyrnu, pílukasti, kökuskreytingum, grashandbolta, borðtennis, frisbígolfi og frjálsum íþróttum. Það var góður andi í hópnum og gaman að fylgjast með allri þátttöku þeirra. Að taka þátt, bæta sig og verða fremst meðal jafningja er allt ánægjulegt á sinn hátt. Nokkrar



viðurkenningar tóku þátttakendur UDN með heim að loknu móti þar á meðal einn ULM titill. Góðir dagar á Egilsstöðum og tilhlökkun fyrir næsta ULM sem haldið verður á Sauðárkróki.



## Vesturlandssamstarf/svæðisskrifstofa

Vesturlandssamstarfið hélt áfram milli ÍA, UMSB, HSH og UDN í samstarfi með Álfheiði, Gunnhildi og Heiðari Mar svæðisfulltrúum á Vesturlandi. Ýmsir óformlegir fundir, spjall í netheimum og í síma, samvinna við hin ýmsu verkefni. Sameiginlegir styrkir fengust m.a. til að halda „Allir með“ á Vesturlandi og til að halda úti fræðsludagskrá á Vesturlandi. Öll héruðin hafa haldið Stjörnuleika „Allir með“ og fræðsludagskrá er hafin en er ekki lokið um áramót 2025/2026.

Mikilvægt samstarf sem hefur reynst vel og svæðisfulltrúar á Vesturlandi hafa komið sterkir inn. Samstarf UDN og svæðisfulltrúa hefur verið mikið og fulltrúarnir reynst UDN afar vel í ýmsum verkefnum.

## Hlutverk svæðisstöðva íþróttahéraðanna

Hlutverk svæðisfulltrúa íþróttahéraðanna er að þjónusta íþróttahéruðin í nærumhverfi hvers þeirra, sumt með samræmdum hætti á landsvísu en annað eru aðgerðir eða verkefni sem nýtast einstökum héruðum eða félagi. Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð og svæðisstöðvar um allt land geti tekist á við núverandi og fyrirséð verkefni, styrki stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu. Á árinu 2025 komst m.a. í gagnið heimasíða Svæðisstöðva íþróttahéraðanna og er þar að finna ýmsan góðan fróðleik [Svæðisstöðvar Íþróttahéraða](#).



### Dagur sjálfboðaliðans

Sú nýlunda var á Degi sjálfboðaliðans 5. desember að svæðisstöðvar íþróttahéraðanna útnefndu sjálfboðaliða hvers svæðis eftir að íþróttahéruðin skiluðu inn tilnefningum. Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir UDN / Glímufélagi Dalamanna var sjálfboðaliði ársins á Vesturlandi.

### UDN Fyrirmyndarhérað ÍSÍ

Hugmynd um UDN sem fyrirmyndarhérað ÍSÍ hafði blundað hjá sambandinu í einhvern tíma. Á formannafundi í desemberbyrjun 2024 var tekin ákvörðun að leggja af stað í þá vinnu. Unnið var að verkefninu í febrúar og mars 2025. Fyrir 104. sambandsþing 2. apríl 2025 höfðu verið send þinggögn til þingfulltrúa með tillögum að stefnum og áætlunum. Handbókin var einnig klár yrði allt samþykkt. Á þingingu voru stefnur og áætlanir samþykktar samhljóða sem og lagabreytingar.



UDN fékk veitta viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ á þinginu, hana veitti Garðar Svansson þáverandi nefndarmaður í framkvæmdastjórn ÍSÍ.

„UDN álitur að viðurkenningin Fyrirmyndarhérað ÍSÍ hafi jákvæð áhrif á starfið á sambandssvæðinu; fyrir félögin og fyrir sjálfboðaliðann. Vinnan við handbókina hefur fært hlutina í skýrara og aðgengilegra form. Viðurkenning sem þessi vinnur bara með okkur“.

## Styrkir

### **Hvatasjóður**

Verkefni til stuðnings við akstur á æfingar í dreifðri byggð á sambandsvæði UDN 700.000 kr – skýrslu skilað í febrúar 2026.

### **Umhverfissjóður UMFÍ**

Fegrun umhverfis við íþróttavöll í Búðardal 250.000 kr - ekki nýttur ennþá, stendur til sumarið 2026.

### **Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ**

Sameiginleg fræðsludagskrá íþróttahéraða á Vesturlandi 250.000 kr - nánast fullnýttur, skýrsla á lokametrinum.

„Allir með á Vesturlandi“ sameiginlegt verkefni íþróttahéraða á Vesturlandi, sótt um í nafni ÍA - 750.000 kr. Styrkur nýttur – skýrslu skilað.

### **Samningur við Dalabyggð**

Samstarfssamningur Dalabyggðar og UDN var endurnýjaður um áramót 2025 -2026

Deilt er út til aðildarféлага UDN innan Dalabyggðar eftir úthlutunarreglum - upphæð 1.200.000 kr



## Reglugerð um skiptingu lottótekna UDN

### Reglugerð um skiptingu lottótekna UDN

#### 1. Forsendur skiptingar milli félaga

Til að hljóta úthlutun samkvæmt reglugerð þessari þurfa aðildarfélög að skila lögboðnum skýrslum í félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, innan tilskilins frests sem ákveðinn er af ÍSÍ og UMFÍ ár hvert. Aðildarfélög þurfa einnig að hafa boðað löglega til aðalfundar á síðasta almanaksári og staðið skil á ársskýrslum/starfsskýrslum til UDN.

#### 2. skipting Lottótekna

a) 70% til aðildarfélaga

b) 30% til UDN

**Forsendur til úthlutunar:** að félag sé með skipulagt starf fyrir ungmenni og börn og skili inn skýrslu til UDN með útlitun á starfinu þ.e. ársskýrslu.

#### 3. Skipting Lottótekna, skv. a -lið 2. greinar, milli aðildarfélaga:

a) 20% jafnt á millri allra félaga með **virka** starfsemi

b) 80 % eftir fjölda **iðkenda**<sup>1</sup> 18 ára og yngri

<sup>1</sup>Iðkandi er sá félagsmaður í íþróttta eða ungmennafélagi sem stundar eina eða fleiri íþróttgreinar á vegum félagsins. Iðkandi þarf að vera skráður í viðurkennt skráningarkerfi sem UDN notar í íþróttahreyfingunni.

Samþykkt á 104. sambandsþingi UDN 2. apríl 2025

#### Lottótekjur aðildarfélaga UDN fyrir árið 2025

		iðkendafjöldi 18 ára og yngri (des. 2025)
Glímufélag Dalamanna	297.782 kr	28
Hestamannafélagið Glaður	437.673 kr	45
Íþróttafélagið Undri	297.782 kr	28
<u>Umf. Afturelding</u>	<u>314.240 kr</u>	30
<b>Samtals</b>	<b>1.347.477 kr</b>	



UMFÍ



### Gullmerki

2018 Jóhann Eysteinn Pálmason

### Starfsmerki

1988 Sveinn Gestsson

1991 Gísli Gunnlaugsson

1994 Sigrún Halldórsdóttir

1998 Guðmundur Gunnarsson

2005 Jóhann Pálmason

2007 Finnbogi Harðarson

2017 Arnar Eysteinnsson

Þórður Ingólfsson

2018 Kristján Jóhannsson

Jón Egilsson

Hrefna Sumarlína Ingibergsdóttir

Herdís Erna Matthíasdóttir

Ingveldur Guðmundsdóttir

2021 Eypór Gíslason

Svala Svavarsdóttir

Egill Sigurgeirsson

2024 Rebekka Eiríksdóttir

Guðrún Guðmundsdóttir

2025 Kolfinna Ýr Ingólfisdóttir

Þorgrímur Einar Guðbjartsson



ÍSí

### Gullmerki

2013 Finnbogi Harðarson

2021 Heiðrún Sandra Grettisdóttir

### Silfurmerki

2007 Einar Jón Geirsson

2018 Bryndís Karlsdóttir

Gústaf Jökull Ólafsson

Ingvar Samúelsson

Jóhanna Sigrún Árnadóttir

Svanborg Guðbjörnsdóttir

2021 Ingibjörg Jóhannsdóttir

Margrét Jóhannsdóttir

2024 Valberg Sigfússon



- 1982 Þórólfur Sigurðsson
- 1983 Ólöf Björg Einarsdóttir
- 1984 Hálf dán Kristinsson
- 1985 Ellert Finnbogason
- 1986 Steinunn Hannesdóttir
- 1987 Arngrímur Guðmundsson - Frjálsar íþróttir
- 1988 Arngrímur Guðmundsson - Frjálsar íþróttir
- 1989 Arngrímur Guðmundsson - Frjálsar íþróttir
- 1990 Gunnlaugur Vésteinsson - Frjálsar íþróttir
- 1991 Gunnlaugur Vésteinsson - Frjálsar íþróttir
- 1992 Finnbogi Harðarson - Frjálsar íþróttir
- 1993 Íris Hrund Grettisdóttir - Frjálsar íþróttir
- 1994 Ingi Magnús Ómarsson
- 1995 Ingi Magnús Ómarsson
- 1996 Anton Axelsson - Frjálsar íþróttir
- 1997 Ragnar Hrafn Svanbergsson
- 1998 Jósep Magnússon - Frjálsar íþróttir
- 1999 Jósep Magnússon - Frjálsar íþróttir
- 2000 Helga Dóra Rúnarsdóttir - Frjálsar íþróttir
- 2000 Helgi Guðmundsson - Frjálsar íþróttir
- 2001 Svana Hrönn Jóhannsdóttir - Glíma
- 2002 Svana Hrönn Jóhannsdóttir - Glíma
- 2003 Svana Hrönn Jóhannsdóttir - Glíma
- 2004 Sólveig Rós Jóhannsdóttir - Glíma
- 2005 Sólveig Rós Jóhannsdóttir - Glíma
- 2006 Ekki valið
- 2007 Svana Hrönn Jóhannsdóttir - Glíma
- 2008 Svana Hrönn Jóhannsdóttir - Glíma
- 2009 Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir - Glíma
- 2010 Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir - Glíma
- 2011 Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir - Glíma
- 2012 Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir - Glíma
- 2013 Ekki valið
- 2014 Sólveig Rós Jóhannsdóttir - Glíma
- 2015 Vignir Smári Valbergsson - Frjálsar íþróttir
- 2016 Laufey Friða Þórarinsdóttir - Hestar
- 2017 Ekki valið
- 2018 Ekki valið
- 2019 Ekki valið
- 2020 Ekki valið
- 2021 Jóhanna Vigdís Pálmadóttir - Glíma
- 2022 Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir - Glíma
- 2023 Jóhanna Vigdís Pálmadóttir - Glíma
- 2024 Jóhanna Vigdís Pálmadóttir - Glíma

**UNGMENNASAMBAND DALAMANNA OG  
NORÐUR BREIÐFIRÐINGA**



**Ársreikningur 2025**



## Áritun

Ársreikning þennan fyrir UDN hef ég yfirfarið og sannreynt stöður þar með talið banka. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi 1.1.2025 til 31.12.2025 og efnahagsreikningi hinn 31.12.2025 og er hann í samræmi við bækur og upplýsingar frá félaginu

Búðardalur 31.03.2026

Þórunn Þ. Þórunn

Skoðunarmaður

Sigrún B. Þórunn

Skoðunarmaður

Þóhanna S. Arnard.

Formaður félagsins

Guðrún B. Blöndal

Varaformaður

Guðbjört Lóa Þórunn

Ritari

Sindri Geir Sigurðsson

Gjaldkeri

Sunnva H. Skúlad.

Meðstjórnandi



## Rekstrarreikningur 1.1.2025 - 31.12.2025

	Skýringar	Raun 2025	Raun 2024	Áætlun 2025
<b>Rekstrartekjur</b>				
Framlög og styrkir .....	1	6,335,543	5,117,622	2,700,000
<b>Rekstrartekjur samtals</b>		<b>6,335,543</b>	<b>5,117,622</b>	<b>2,700,000</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Styrkir greiddir út .....	2	5,073,886	3,999,533	2,215,000
Kostnaður vegna Íþróttavíku .....	3	499,385	0	-
Kostnaður vegna þátttöku í mótum .....	4	53,800	149,100	150,000
Stjórnun og umsýsla .....	5	194,878	29,000	250,000
Rekstur skrifstofu .....	6	190,824	475,178	450,000
Áskriftir .....	7	459,511	0	-
Annar kostnaður .....	8	45,248	12,500	-
<b>Rekstrargjöld samtals:</b>		<b>6,517,532</b>	<b>4,665,311</b>	<b>3,065,000</b>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(181,989)</b>	<b>452,311</b>	<b>(365,000)</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>				
Vaxtatekjur .....		580,010	476,386	700,000
Bankakostnaður .....		3,190	1,695	
Vaxtagjöld .....		1,697	1,240	
Fjármagnstekjuskattur .....		127,602	104,805	200,000
Afskriftir .....		87,715	530,152	
		<b>359,806</b>	<b>-161,506</b>	<b>500,000</b>
<b>-Tap/hagnaður ársins</b>		<b>177,817</b>	<b>290,805</b>	<b>135,000</b>

RB SGS  
JSA SHS  
GLP



	A	B	C	D
1				
2	<b>Efnahagsreikningur 31. desember 2025</b>			
3				
4				
5	<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>2025</b>	<b>2024</b>
6	<b>Fastafjármunir</b>			
7	Stapavöllur.....		1,807,694	1,807,694
8		<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>1,807,694</b>	<b>1,807,694</b>
9	<b>Veltufjármunir</b>			
10	Handbært fé.....		11,891,357	11,628,103
11	Skammtímakröfur.....	9	177,285	200,062
12	Birgðir.....		21,785	21,785
15		<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>12,090,427</b>	<b>11,849,950</b>
16				
17				
18		<b>Eignir samtals</b>	<b>13,898,121</b>	<b>13,657,644</b>
19				
20				
21				
22	<b>Eigið fé</b>			
23	Höfuðstóll frá fyrra ári.....		10,645,718	10,354,913
25	Afkoma ársins.....		177,817	290,805
26		<b>Eigið fé samtals</b>	<b>10,823,535</b>	<b>10,645,718</b>
27				
28	<b>Skammtímaskuldir</b>			
29	Ógreitt Björgunarpakki.....		1,727,108	
30	Ógreitt Lottó.....		1,347,478	3,011,926
31		<b>Skuldir samtals</b>	<b>3,074,586</b>	<b>3,011,926</b>
32				
33				
34		<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>13,898,121</b>	<b>13,657,644</b>
35				
36				

RF JGG  
GLP  
JSA



### Skýringar

#### 1. Rekstartekjur sundurliðun

1.1. Lottó	1,924,970
1.4 Björgunarpakki UMFÍ	1,727,108
1.5 Dalabyggðarstyrkur	1,200,000
1.6 Aðrar tekjur	1,483,465

**Rekstartekjur samtals** 6,335,543

#### Rekstrargjöld

#### 2. Styrkir greiddir út

Hvatningarverðlaun UMFÍ	100,000
Dalabyggðarstyrkur	1,200,000
Aksturstyrkur Hvatásjóðs	699,300
Lottó aðildarféлага	1,347,478
Björgunarpakki UMFÍ	1,727,108
<b>Samtals</b>	<u>5,073,886</u>

#### 3. Kostnaður vegna Íþróttavíku Evrópu

	499,385
<b>Samtals</b>	<u>499,385</u>

#### 4. Kostnaður vegna þátttöku í mótum

Þjónustugjald FRÍ 2025 v/Undra	23,800
Þáttökugjald ULM 2025	30,000
<b>Samtals</b>	<u>53,800</u>

#### 5. Stjórnun og umsýsla

Akstur	136,878
Gisting	58,000
<b>Samtals</b>	<u>194,878</u>

#### 6. Rekstur skrifstofu

Veitngar á fundum og þingi	100,800
Annar kostnaður	90,024
<b>Samtals</b>	<u>190,824</u>

#### 7. Áskriftir

Abler	362,089
Netvöktun	90,242
Internet á Íslandi	7,180
<b>Samtals</b>	<u>459,511</u>


#### 8. Annar kostnaður

Verðlaunagripir	45,248
<b>Samtals</b>	<u>45,248</u>

#### 9. Skammtímakröfur

Þjónustugjald FRÍ 2024 v/Undra	44,100
Þjónustugjald FRÍ 2025 v/Undra	23,800
Ógreitt Lottó 12/2025 v/UMFÍ	37,080
Ógreitt Lottó 12/2025 v/ÍSÍ	72,305
<b>Samtals</b>	<u>177,285</u>

GLP  
JSA  
RB SGS SHS



## Pósthlaupið



## Undrafólk á fótboldamótum

iðkendur  
Aftureldingar á  
bogfimimóti



Fulltrúar Glaðs á Fjórðungsmóti  
Vesturlands 2025  
pátttakendur  
knapamerkisnámskeiðs hjá  
Glað



Glímufólk Glímufélags  
Dalamanna á Íslandsmóti  
á Hvolsvelli



Glímufólk GFD á  
erlendi grund